

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Tröllabarna í Lækjarbotnum, Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð, að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæðið umhverfis Tröllabörn í Lækjarbotnum í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 og eru beinar markalínur á milli punkta. Að norðan fylgja þau suðurbrún Suðurlandsveggar frá punkti 66 sbr. meðfylgjandi uppdrátt (hnit x: 9253.35, y: 10824.29), austur að punkti 69 (hnit x: 9056.63, y: 10765.23). Þaðan hornrétt á Suðurlandsveg til suðurs í punkt 39 (hnit x: 9161.90,

y: 10571.19). Þar beygja mörkin til vesturs í punkt 38 (hnit x: 9286.88, y: 10631.73) og áfram til norðvesturs í punkt 77 (hnit x: 9315.78, y: 10738.49). Þaðan til norðurs í punkt 37 (hnit x: 9283.35, y: 10824.29) og áfram að punkti 66 (hnit x: 9253.89, y: 10873.46) við Suðurlandsveg. Flatarmál svæðisins er 46.658 m².

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Skylt er að hlíta nánari reglum sem bæjarstjórn kann að setja um umferð og umgengni með samþykki Náttúruverndarráðs.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 15. mars 1983.

Ingvar Gíslason.

Runólfur Þórarinsson.



